

22 steina- teiknarar

– um Tamarind-sýninguna á Kjarvalsstöðum

Allt framundir 1960 mun steinprent hafa verið álitíð eins konar steinaldarirngrein í Bandaríkjunum. Sannleikur málsins er hins vegar sá að bóndi nokkur í Bæjaralandi, Alois Senefelder að nafni, uppgötvaði tæknina árið 1798 þegar hann gekk fram á kalksteinsnámur í landi sínu. Steinprentið varð síðan geysivinsælt í Evrópu á nítjándu öldinni en frá og með iðnbyltingu fóru vinsældir þess dvínandi. Tamarind-verkstæðið var sett á laggirnar meðal annars til að stuðla að endurreisn þessarar skemmtilegu listgreinar í Bandaríkjunum. Fyrir stofnanda verkstæðisins, June Wayne, vakti meðal annars að venja listamenn og prentara við samvinnu svo þeir gætu lært að meta hæfileika hvers annars samfara tjáningarmöguleikum steinprentsins. Árið 1970 var Tamarind-verkstæðið gert að sérdeild

Myndlist

Ólafur Engilbertsson

innan Háskólans í Nýju-Mexíkó, Albuquerque. Síðan þá hafa hátt í sex hundruð listamenn haft þar viðdvöl og gert að engu orð kaldastríðssmartistans Roberts Rauschenbergs: „Síðari hluti tuttugustu aldarinnar er ekki rétti tíminn til að fara að teikna á steina“.

A -sunnudag lýkur á Kjarvalsstöðum yfirlitssýningu á verkum 22 „steinateiknara“ sem hafa unnið á Tamarind-verkstæðinu. Sýningin er geysifjölbreytt, enda aðeins eitt eða tvö verk eftir hvern listamann. Stærsti kostur sýningarinnar er einmitt þessi fjölbreytni. Það er

nánast ótrúlegt að í öllum tilvikum skuli sömu aðferð vera beitt. Sumir beita reyndar hliðaraðferðum eins og samklippi og samsetningu (Collage og assemblage). Myndir Gail Gash og Martie Zelt eru sérstaklega áhugaverðar hvað þetta varðar. Þarna skiptast á verk íhaldsgaura eins og Leonards Lehrer og Philips Pearlstein annars vegar og hins vegar nýsköpunarmanna á borð við Fritz Scholder og Robert Vickrey. Ásamt Jaune Quicktoe-Smith eru þeir síðasttöldu mjög áhugaverðir boðberar endurreisnar í steinprenti. Verk þeirra bera með sér mikið hugmyndaflug í notkun tækninnar auk þess sem steinninn sjálfur er þar alltaf innan seilingar. Á meðan steinaríkinu eru færðar slíkar förnir þarf ekki að órvænta um framgang steinprentsins.



Tréhestar eftir Robert Vickney.

ALASKA® Lakkgljái er betra bón !



Laus stađa

Staða bókavarðar í Landsbókasafni Íslands er laus til umsóknar.

Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu hafa borist menntamálaráðuneytinu fyrir 20. október næstkomandi.

26. september 1988,
Menntamálaráðuneytið

Lögtaksúrskurður

Að beiðni Gjaldheimtunnar í Hafnarfirði, geta farið fram lögtök fyrir gjaldföllnum en ógreiddum gjöldum ársins 1988 álöðum í Hafnarfirði, en þau eru: Tekju- skattur, eignaskattur, sérstakur eignaskattur, slysa- tryggingargj. v/heimilisstarfa, iðnlánasjóðs- og iðn- aðarmálagjald, slysatryggingargjald atvinnurekenda, lífeyristryggingargjald atvinnurekenda, atvinnuleys- istryggingagjald, vinnueftirlitsgjald, útsvar, aðstöðu- gjald, kirkjugarðsgjald og skattur af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þá úrskurðast, að lögtök geti farið fram fyrir gjaldhækkunum sem orðið hafa frá því er síðasti úrskurður var kveðinn upp, þar með taldar skattsektir til ríkis- og bæjarsjóðs.

Verða lögtök látin fara fram án frekari fyrirvara á kostnað gjaldenda en á ábyrgð Gjaldheimtu Hafnarfjarðar að 8 dögum liðnum frá birtingu úrskurðar þessa, ef full skil hafa ekki verið gerð.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði
28. september 1988

Rýmingarsala



**Erum að flytja
í Vesturvör 26, Kóp.**

Næstu daga verður rýmingarsala að Skemmuvegi 6. Seld verða járnsmíðataeki, rafm.verkfæri, hleðslutæki, loftverkfæri, borar, ýmis handverkfæri, hjólbardar o.fl.

OPIÐ LAUGARDAGA.

K Kistill OPIÐ LAUGARDAGA.
Skemmuvegi L6, Kóp. S. 74320 og 79780.

Helgarblad

DV

À morgun



Kastljós fjölmiðlanna beindust að Stefáni Valgeirssyni alþingismanni í vikunni er ný ríkisstjórn var mynduð. Stefán er ýmist sakaður um að vera siðlaus pólitíkus eða helvíti klár karl. „Það eru bara hræsnarar og aumingjar sem halda að pólitík snúist um eitthvað annað en að nýta sér aðstöðu sína,“ segir Stefán í helgarviðtali á morgun og lætur ljós sitt skína sem aldrei fyrr.

Hún nefnist Huggy en heitir réttu nafni Hugrún Ragnarsdóttir. Huggy starfaði um langt skeið sem fyrirsæta bæði Bandaríkjunum, þar sem hún bjó, og í Evrópu. Nú er hún gift kona í London þar sem hún rekur eigin umboðsskrifstofu fyrir fyrirsætur ásamt eiginmanni sínum. Reyndar er Huggy enn ung að árum en eftir að hún varð móðir hefur hún falið sig á bakvið myndavélina. Áhugamál hennar nú er að gerast ljósmyndari. Huggy er í viðtali við helgarblaðið á morgun þar sem hún segir frá viðburðaríkri ævi sinni.

